

73

7. des.

REGLUGJÖRÐ

um

skemtanaskatt í Neshreppi í Norðfirði í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Reglugjörðin gildir fyrir skemtisamkomur, sem haldnar eru í Neshreppi og almenningi er seldur aðgangur að.

2. gr.

Að öllum skattskyldum samkomum skulu seldir aðgöngumiðar.

3. gr.

Skattskyldar samkomur eru: Fyrirlestur, upplestur allskonar, sjónleikir, myndasýningar allskonar, kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í, söngur allskonar, hljómleikar, eftirhermur, sjónhverfingar, skrautsýningar, dansleikir, bögglauppboð, hlutaveltur og annað, sem til skemtana er notað og í eðli sínu er samskonar og nú er talið.

4. gr.

Skatturinn er hundraðsgjald af brúttó inngangseyri og greiðist þannig:

1. af fyrirlesturum, sjónleikum, samsöngvum, kappleikum og íþróttasýningum, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í, 5%
2. af myndasýningum og upplestrum 10%
3. af einsöng, hljómleikum, sjónhverfingum og skrautsýningum 15%
4. af eftirhermum, dansleikum, bögglauppboðum og hlutaveltum 20%

Þegar skemtarnir koma fyrir, sem hjer eru ekki talðar, en sem skattskyldar álitast samkvæmt 2. gr., skal greiða sama skatt af þeim og þeim skemtunum, sem þær eru líkastar af þeim, sem hjer hafa verið talðar.

Þegar fleira en eitt er haft til skemtunar á sömu samkomu, skal skatturinn reiknaður fyrir þá skemtun, sem lengstan tíma tekur af samkomunni.

5. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps hefir eftirlit með að reglugjörð þessari sje hlýtt og sjer um innheimtu skattsins. Ræður hún sjerstakap mann til þess fyrir s'na hönd, og nefnist hann eftirlitsmaður skemtana. Eftirlitsmaður innheimtir skattinn og hefir eftirlit með skemtunum eins og þurfa þykir.

6. gr.

Aðgöngumiðar á allar skattskyldar samkomur skulu þannig gerðir, að öðru megin sje skráð það, sem samkomunni viðkemur, en hinu megin aðeins

stimpill eftirlitsmanns. Eftirlitsmaður skal ávalt hafa til nægar birgðir af **73**
 stimpluðum aðgöngumiðum. Kostnaðurinn við seðlana greiðist af skatttekjunum. **7. des.**

7. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda samkomu samkvæmt 3. gr., skal tilkynna það eftirlitsmanni skemtana. Eftirlitsmaður skal láta honum í tje eins marga aðgöngumiða og hann óskar. Að samkomunni lokinni skal forstöðumaður hennar afhenda eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skattinn af öllum þeim miðum, sem hann tók á móti eftir að hafa dregið frá þá, er eigi voru notaðir. Þó má draga frá miða, sem varið hefir verið handa starfsmönnum samkomunnar.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemtanið eða samkomur, sem haldnar eru í sjerstöku góðgjörða- eða fræðsluskyni. Einnig er hreppsnefnd heimilt að semja til eins árs í senn eða skemmri tíma, við þann eða þá, sem halda uppi stöðugum skattskyldum samkomum, t. d. kvikmyndafjelög, leikfjelög o. s. frv.

9. gr.

Skatttekjum þessum skal varið til styrktar sjúkrahúsbyggingunni í Neskaupþúni og þegar sjúkrahús hefir verið sett á stofn, þá skal þeim varið til reksturskostnaðar þess.

10. gr.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918 og lögum um breytingu á nefndum lögum, nr. 30, 19. júní 1922, um skemtanskatt, og gilda sektarákvæði þeirra laga um brot gegn henni.

11. gr.

Reglugjörð þessi er samin af hreppsnefnd Neshrepps og öðlast hún gildi hinn 1. janúar 1924.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefndin í Neshreppi í Norðfirði hefir samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, til að öðlast gildi frá 1. jan. 1924, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. desember 1923.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Sigf. M. Johnsen.